

**Ed.**

**72. Frumvarp til laga**

**[61. mál]**

um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Framkvæmdabanka Íslands allt að kr. 4 100 000.00 til þess að reisa stuttbylgjustöðvarhús á Rjúpnahæð, sem verði notað í þágu alþjóðaflugþjónustu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Ísland er þátttakandi í Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Sem þátttökuríki hefur Ísland tekið að sér að sjá um þjónustu fyrir almennar flugferðir um norðanvert Atlantshaf. Áhöldum og tækjum, sem notuð hafa verið til þessarar þjónustu, er komið fyrir í bráðabirgðaskýli á Rjúpnahæð við Reykjavík. Brýna nauðsyn ber nú til að endurnýja þenna húsakost, til þess að þjónusta þessi verði rekin áfram á viðunandi hátt og verðmætum áhöldum og vélum forðað frá skemmdum.

Um þetta hefur verið rætt af þátttökuríkjum alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Á ráðstefnu þeirri, sem þátttökuríkin héldu í Brighton í Englandi í sumar, samþykktu þau að auka framlög sín til stofnunarinnar, til þess að hún gæti aukið framlög sín til Íslands sem svaraði auknum kostnaði við endurnýjun umræddrar framkvæmdar.

Framkvæmdirnar, sem á að greiða með láninu, eru byggingar á Rjúpnahæð að stærð 5377 m<sup>3</sup>, lagning vegar að húsinu og flutningur og uppsetning véla og tækja í þínu nýja húsi.

Tekin var í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1954 heimild til umræddrar lántöku, en þar sem hraða þarf málinu, er heimildarinnar nú leitað með sérstöku frumvarpi.